

11.a Auka fundur stjórnar FSÍ, haldinn mánudaginn 6.janúar, kl.18:00 á skrifstofu FSÍ.

Mættir: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður Arnar Ólafsson varaformaður, Einar Ólafsson ritari, Guðrún Harðardóttir meðstjórnandi og Jósep Húnfjörð gjaldkeri. Jafnframt sat fundinn Helgi Jóhannesson framkvæmdarstjóri FSÍ, Íris Svavarsdóttir sviðsstjóri fræðslumála og Sólveig Jónsdóttir sviðsstjóri landsliðsmála.

1.Úthlutun úr afrekssjóði FSÍ

Eins og segir í 5.grein reglna um Afrekssjóð FSÍ, skal „Stjórn Afrekssjóðs FSÍ óska eftir tillögum um úthlutun vegna verkefna á vegum sambandsins frá sviðstjóra landsliða FSÍ/landsliðspjálfurum, að minnsta kosti einu sinni á ári. Stjórn FSÍ úthlutar styrkveitingum úr sjóðnum eins oft og þurfa þykir. „

Í 2.grein reglna um Afrekssjóð kemur fram að „Úthlutun úr sjóðnum er ákveðin af stjórn FSÍ. Hámarksúthlutun úr sjóðnum á hverju ári skal vera helmingur þess fjár sem safnaðist í sjóðinn árið á undan og ávöxtun hins helmingsins reikningsársins þar á undan, en má vera minni ef stjórn FSÍ telur slíkt skynsamlegt.“ Úthlutun fyrir árið 2013 verður því 1.440.000 kr.

Óskað var eftir tillögum frá hluteigandi aðilum. Tölvupóstur var sendur 18.desember á tækninefnd kvenna, tækninefnd karla og tækninefnd í hópímleikum, þar sem tækninefndirnar voru beðin um að koma með tilnefningar um styrkþega til stjórnar FSÍ, skila átti tillögum fyrir 23.desember. TKV og THF sendu inn umsóknir, en engar tillögur bárust frá TK. Að auki vann sviðsstjóri landsliðsmála að tillögum, þar sem landsliðsfólk sem hafði farið í tvær ferðir eða fleiri, á árinu 2013, voru hvött til að sækja um. Rætt var við landsliðsfólkið á fræðsludegi sem fór fram 18.desember þar sem þau voru beðin um að senda inn umsókn til sjóðsins. Sviðsstjóri landsliðsmála tók saman þær umsóknir sem bárust og vann úr þeim greinagerð og tillögur um styrkþega.

Það sem var til grundvallar ákvörðun stjórnar sjóðsins og stjórnar FSÍ var fjöldi móta á vegum FSÍ sem einstaklingar fóru í sem og árangur þeirra á þeim mótum. Einnig var stuðst við framtíðaráform viðkomandi einstaklinga eins og það birtist í umsóknum þeirra sem sóttu um styrki.

Í kjölfarið á tillögum er lagt til að eftirfarandi einstaklingar hlytu styrk að þessu sinni, í stafrófsröð;

Agnes Suto

Dominiqua Alma Belanyi

Jón Sigurður Gunnarsson

Norma Dögg Róbertsdóttir

Ólafur Garðar Gunnarsson

Thelma Rut Hermannsdóttir

Valgarð Reinharðsson

Málið rætt

Stjórn FSÍ samþykkir tillöguna og leggur til að hún verði kynnt á uppskeruhátíð sambandsins, þriðjudaginn 7.janúar 2014. Framkvæmdastjóra er falið framkvæmd verksins.

Fundi slitið kl.18:55